

Sent í samráðsgátt

Reykjavík, 10. nóvember 2022

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Skrifstofa vinnumarkaðar

Efni: Umsögn til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002 (sérhæfð þekking), mál nr. 205/2022.

Bændasamtök Íslands telja að með breytingum þeim sem lagðar eru í frumvarpsdrögunum sé stigið þarft og mikilvægt skref til að tryggja að hægt sé að manna mikilvæg störf í landbúnaði. Í stjórnarsáttmála kemur skýrt fram að efla á innlenda landbúnaðarframleiðslu sem ná á fram, meðal annars, með aukinni og enn fjölbreyttari framleiðslu. Ljóst má vera að mikilvægur þáttur í þessu ferli verður að sækja þekkingu erlendis frá.

Atvinnurekendur, sem stunda landbúnaðarframleiðslu, hafa einnig á undanförunum misserum átt erfitt með að manna stöður með innlendu vinnuafli og á það bæði við um störf sem krefjast sérhæfðrar þekkingar og önnur störf. Frumvarpið er því skref í rétta átt en samtökin telja jafnframt að Vinnumálastofnun þurfi að hafa auknar heimildir til að meta stöðuna varðandi almenn störf, og þá á sama grundvelli og á við um störf sem krefjast sérhæfðrar þekkingar.

Að öðru leiti er vísað til og tekið undir þau atriði sem rakin eru í umsögn Samtaka atvinnulífsins um frumvarpsdrögin.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur